

# STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 1999

---

9. júní 1999

1125

Nr. 394

## REGLUGERÐ

### um endurúthlutun aflaheimilda í norsk-íslenska síldarstofninum.

#### 1. gr.

Fiskistofa skal þegar eftir 16. júní 1999 endurúthluta 30.000 lestum af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum til þeirra síldarskipa, sem þann dag hafa landað 50% eða meira af þeim aflaheimildum, sem þeim var úthlutað á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 179, 17. mars 1999, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1999. Um skiptingu þessa magns milli einstakra skipa fer samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 179/1999.

Fiskistofa skal með tilkynningu til útgerða síldarskipa fella úr gildi frá ákveðnum tíma öll leyfi íslenskra skipa til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þannig að heildarafli þeirra verði ekki meiri en 202.000 lestir.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. júní 1999.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*